

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 4. júní 1997 • 22. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

Atvinnuvegasýning Vestfjarða hefst á laugardag

Sextíu vestfirsk fyrirtæki kynna vörur sínar

Rúmlega sextíu vestfirsk fyrirtæki taka þátt í atvinnuvegasýningu Vestfjarða 1997, sem verður formlega opnuð í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði kl. 10 á laugardag. Tilgangurinn með sýningunni er að kynna fjölbreytt atvinnulíf í fjórðungnum sem og að fleira

sé framleitt á svæðinu en fiskur. Fyrirtækin sem taka þátt í sýningunni eru allt frá litlum handverksfyrirtækjum upp í stórfyrirtæki og verður án efa margt forvitnilegt á staðnum sem gleður augað.

Meðal þeirra sem taka þátt í sýningunni er lögreglan á

Ísafirði, en hún mun kynna tækjabúnað sinn fyrir gestum og gangandi. Þá mun lögreglan sjá um reiðhjólaskoðun og er skilyrði fyrir skoðun að hjólin séu í lagi og að eigendur þeirra komi með öryggishjálma á höfði til skoðunarinnar. Sýningin stendur til kl. 18 á laugardag

og á sunnudag er opið frá kl. 13-18. Sérstakt opunarhóf verður haldið á föstudagskvöld þar sem þátttakendum gefst kostur á að skoða sýningarbásana. Sérstakur gestur í hófinu verður Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður, og mun hann opna sýninguna.



Gunnar Friðriksson, nýtt björgunarskip

Nýtt björgunarskip Slysavarnafélags Íslands kom til heimahafnar á Ísafirði á föstudag. Skipinu, sem gefið hefur verið nafnið Gunnar Friðriksson, er ætlað að þjóna öllum Vestfjörðum og kemur það í stað björgunarbátsins Daníels Sigmundssonar, sem væntanlega verður seldur. Meðfylgjandi mynd var tekin af skipinu er það kom til Ísafjarðar á föstudag. Sjá nánar frétt og myndir á bls. 4.

Flugleiðir hætta flugi til Patreksfjarðar

Flugfélag Íslands tekið við rekstri innanlandsflugs Flugleiða

Með tilkomu nýrrar sumar-áætlunar, sem tók gildi í byrjun síðustu viku, ákvað stjórn Flugleiða að hætta flugi til Patreksfjarðar. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun er fyrst og fremst sú, að frá árinu 1993 til loka síðasta árs, hefur farþegum fækkað á leiðinni úr 4.534 í 2.731, og sér félagið sér því ekki fært að halda fluginu

áfram. Félagið hætti á síðasta ári reglubundnu flugi til Þingeyrar og er Ísafjörður því eina áætlunarleið félagsins á Vestfjörðum frá og með deginum í gær.

Flugfélag Íslands hf., tók við rekstri innanlandsflugs Flugleiða í gær. Að sögn Arnórs Jónatanssonar, stöðvarstjóra félagsins á Ísafirði, er gert ráð

fyrir nítján ferðum til Ísafjarðar í sumar. „Sumaráætlun félagsins hljóðar upp á nítján ferðir á viku, sem er sami fjöldi og á síðasta sumri, en þá millilenti hádegisvélina á Patreksfirði, sem verður ekki í sumar. Af þessum nítján ferðum, verða þrjár ferðir farnar á 19 sæta Metrólíni félagsins, en þær ferðir verða farnar um miðjan

dag á þriðjudögum og fimmtudögum og síðdegis á laugardögum. Að öðru leyti verður flogið með Fokkervélum félagsins,” sagði Arnór.

Flugleiðir hafa rekið sölu-skrifstofu við Hafnarstræti á Ísafirði og verður svo áfram. Skrifstofan mun einnig sjá um sölu farsæla með Flugfélagi Íslands.

Framkvæmdir á Óshlíð

Vegrásir breikk- aðar um 10 metra

Vegagerðin hefur auglýst eftir tilboðum í breikkun vegrásar um Skriðurnar á Óshlíðarvegi.

Verkið felst í lagfæringum á um 240 metra kafla og inni-

felur breikkun vegrásarinnar, úr u.þ.b. tveimur metrum í tólf metra breidd. Verkinu skal vera lokið að full 15. október nk. Tilboðum í verkið skal skila fyrir 16. júní nk.

Áframhaldandi verkfall aðildarfélaga ASV

Nær 60% félagsmanna felldu miðlunartillögu sáttasemjara

Miðlunartillaga sáttasemjara var felld í atkvæðagreiðslu aðildarfélögum Alþýðusambands Vestfjarða á laugardag. 280 manns eða 59,1% sögðu

nei við tillögunni, já sögðu 185 eða 39% og auðir og ógildir seðlar voru 9 eða 1,9%. Vinnuveitendur samþykktu hins vegar tillöguna með miklum meiri-

hluta atkvæða.

Vinnuveitendur innan Vinnuveitendafélags Vestfjarða og VSÍ samþykktu tillöguna með 86,8% gegn

13,2%, en innan Vinnuálagssambandsins, samþykktu vinnuveitendur tillöguna með 66,7% gegn 33,3%.

Blaðsíða 5

Kaupmaðurinn í Vöruvali stókkar spilin



Blaðsíða 6

Átakafundur með sjávarútvegsráðherra



Blaðsíða 9

Kajakmót Flóka Vilgerðarsonar í Vatnsfirði



Spurningin

Er Ingibjörg gengin í BG aftur Baldur?



Baldur Geirmundsson, tónlistarmaður:

„Nei, hún söng bara með að þessu sinni vegna þess að Lionsmenn óskuðu sérstaklega eftir því. Þeir vildu vera með uppákomu sem kæmi á óvart og ég held að það hafi tekist nokkuð vel. Ingibjörg kom fram nokkrum sinnum og söng að sjálf-sögðu lokalagið - Þín innsta þrá.“

Landsþing Lionshreyfingarinnar var haldið á Ísafirði um helgina. Í lokahófinu sem haldið var í Þróttahúsinu á Torfnesi, lék hljómsveit Baldurs sem ákveðinn skemmtistaður á Ísafirði kallar „Súperduettinn Baldur & Magga.“ Það kom mörgum skemmtilega á óvart þegar hin ástsæla söngkona Ingibjörg Guðmundsdóttir hóf upp raust sína með fyrrum félaganum sínum í hinni landsþekktu hljómsveit, BG & Ingibjörg.



Hnífsdælingar og Súðvíkingar sameinast í öflugum fyrirtæki

Nýr sjávarútvegsrisi á Vestfjörðum

Stjórnir Hraðfrystihússins hf., og Miðfells hf., í Hnífsdal annars vegar og Frosti hf., í Súðavík hins vegar, samþykktu á mánudagskvöld sameiningu fyrirtækjanna. Sveitarstjórn Súðavíkur, sem á 43% hlut í Frosta, samþykkti sameininguna samhljóða sama kvöld og í kjölfarið stjórn Frosta en áður höfðu Hnífsdælingar gefið samþykki fyrir sitt leyti.

Hið nýja fyrirtæki mun bera nafnið Hraðfrystihúsið hf., og verður það annað stærsta sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum. Kvóti þess verður um sjö þúsund þíg.tonn og er veltan áætluð um tveir milljarðar króna. Með sameiningunni næst verulegur sparnaður í

rekstri og fleiri stöðum er rennt undir reksturinn.

Hraðfrystihúsið hf., - Miðfell hf., á ísfisktogarann Pál Pálsson og Frosti hf., á eina fullkornustu rækjuverksmiðju landsins auk frystiskipanna Bessa og Andeyjar. Hið sameinaða fyrirtæki verður því með breiðari rekstur en fyrirtækin hvort um sig, ísfiskveiðar og vinnslu annars vegar og rækjuvinnslu og sjóvinnslu hins vegar. Þá á Hraðfrystihúsið í Hnífsdal mjölvinnslu til jafns við Íshúsfélag Ísfirðinga hf. Samþykktir stjórnar fyrirtækjanna verða bornar undir hluthafafundi á næstu vikum en gert er ráð fyrir að sameiningin taki gildi frá og með 1. ágúst

nk. Hið nýja fyrirtæki verður skráð á Opna tilboðsmarkaðnum.

Viðræður hafa farið fram við forsvarsmenn Gunnvarar hf., og Íshúsfélags Ísfirðinga hf., um samvinnu, sérstaklega á sviði útgerðar, en Gunnvör hefur yfir að ráða sjö þúsund tonna þorskígildiskvóta og þremur togurum, Júlíusi Geirmundssyni, Stefni og Framnesi.

„Ég er mjög stoltur af þessari niðurstöðu, ekki aðeins fyrir hönd Súðvíkinga heldur Hnífsdælinga einnig. Þarna er verið að koma á laggirnar fyrirtæki sem getur tekist á við verkefni í takt við nýja tíma. Það eru fleiri stöðir undir rekstri hins

nýja fyrirtækis, það er í bolfiskvinnslu, rækju og á hlut í mjölvverksmiðju. Þau fyrirtæki sem hafa átt mestri velgengi að fagna í landinu, hafa einmitt haslað sér völl í þessum greinum.“ sagði Ágúst Kristinn Björnsson, sveitarstjóri í Súðavík og stjórnarmaður í Frosta.

„Við erum ánægðir með þessa niðurstöðu. Þarna er komið öflugt fyrirtæki sem mun styrkja byggðir við Djúp. Við höfum verið í viðræðum síðan í mars og ég trúi því að sameiningin verði Súðvíkingum og Hnífsdælingum til framdráttar. Þetta er liður í endurskipulagningu sjávarútvegs á Vestfjörðum. Það er fagnaðar-efni,“ sagði Einar Valur Krist-

jánsson, stjórnarformaður Hraðfrystihússins hf.

Ísafjörður

Vinnutími Vinnuskólans

Vegna þess ástands sem ríkir nú í atvinnumálum Ísafjarðarbæjar er erfiðara fyrir unglina að fá vinnu en oftast áður. Aðsókn að Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar hefur því aukist mjög umfram það sem áætlað var og er fjárhagsáætlun sprungin miðað við þann vinnutíma sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Af þessum ástæðum hefur bæjarráð ákveðið að breyta vinnutíma í Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar sem hér segir:

Unglingar fæddir 1984 vinna í 3,5 klst. á dag í fjórar vikur.

Unglingar fæddir 1983 vinna í 3,5 klst. á dag í sex vikur.

Unglingar fæddir 1982 vinna í 7 klst. á dag í sjö vikur.

Unglingar fæddir 1981 vinna í 7 klst. á dag í átta vikur.

Vinnudeilan á Vestfjörðum

Líkur á nýrri miðlunartillögu

Eins og segir á öðrum stað í blaðinu þá var miðlunartillögu ríkissáttasemjara í vinnudeilunni á Vestfjörðum hafnað af aðildarfélögum ASV í atkvæðagreiðslu sem fór fram s.l. föstudag. Deiluaðilar sátu óformlegan fund með sáttasemjara á mánudaginn en án nokurrar niðurstöðu eða árangurs. Ekki er ljóst á þessari stundu hver næstu skref til sátta verða hjá aðilum deilunnar. Nokkrar líkur eru þó taldar á nýrri miðlunartillögu frá sáttasemjara þar sem reynt yrði að fara bil beggja hvað varðar ýmsar tæknilegar útfærslur sem þó myndu ekki leiða til kostnaðarauka.

Davíð Oddsson, forsætisráðherra, hefur hafnað hugmyndum

um lagasetningu og telur slíka stjórnvaldsaðgerð ekki tímabæra að svo komnu máli. Greinilegt er þó að þrýstingur á að stjórnvöld grípi í taumana vex með degi hverjum. Mátti m.a. heyrja þá skoðun í máli Einars Odds Kristjánssonar, þingmanns Vestfirðinga, á Rás 2 í síðustu viku, en þar voru verkfallsmálin til umræðu hjá Einari Oddi, Sighvati Björgvinsyni og Gunnlaugi M. Sigmundssyni. Í máli Sighvats kom fram að á Vestfjörðum væru skilin á milli verkafólks og kvótæigenda greinilegri en annars staðar og rakti hann hörkuna í verkfallinu m.a. til þess.

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólguðu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

Mergurinn málsins

Strax og tillaga Hafrannsóknarstofnunar um 32ja þúsund tonna aukningu á þorskafla á næsta kvótaári var gjörð heyrinkunn, leyndi sér ekki um hvað kvótaúthlutun sjávarútvegsráðuneytisins snýst að verulegu leyfi.

Hagsmunaaðilum í sjávarútvegi hafði vart gefist tími til að segja álit sitt á tillögu Hafró þegar fjármálaspekúlantarnir höfðu tekið fram reiknistokkinn. Þeir áttuðu sig strax á öllum milljónunum sem liggja í óveidda þorskinum úti fyrir ströndum landsins og sem nú skyldi bætt á silfurfatíð.

Af mikilli fimi útskýrði verðbréfasali fyrir fréttamanni og hlustendum ríkisútvarpsins hvaða áhrif þetta kæmi til með að hafa á hlutabréfamarkaðinn, og hvernig hlutabréf þeirra fyrirtækja, sem eiga mestu ítökin í þeim gula, myndu hækka í verði umfram hinna, sem byggja hlutdeild sína í þjóðareigninni á öðrum og verðminni tegundum. Greinilegt var að verðbréfasalinn sá fyrir sér ómælda kommisjón við stöðug eigendaskipti á hlutabréfum í sjávarútvegsfyrirtækjunum.

Kvótabankastjóri, sem var rætt við, var vel heima í málinu. Niðurstöður hans kristölluðust í upphæðum frá milljóna tug til nokkurra hundruða milljóna per einstakling eða fyrirtæki í verðmætaaukningu úthlutaðs kvóta effir stærð báta og skipa. Bankastjóriinn var þó ekki

eins bjartsýnn og verðbréfasalinn varðandi eigin hlut. Hann átti jafnvel von á því að nú tækju kvótæigendur upp á því í auknum mæli að gera út og því yrði væntanlega minni kvótasala en áður. Þetta hljóta að teljast tíðindi. Óneitanlega er útgerð meira umfang, en fjölmargir kvótahafar hafa verið að þreyta sig á til þessa. Gíróseðill sem flutti himinháar upphæðir milli bankareikninga, sem greiðslu fyrir óveiddan fisk, var ólíkt þægilegra og áhættuminna en að stússast í útgerð. Á meðan gat áskrifandi kvótans notið hins ljúfa lífs á ströndum fjarlægs lands.

Verðbréfasalinn og kvótabankastjóriinn töluðu ekki undir rós. Þeir sögðu hreint út um hvað málið snýst. Hagnað af hlutdeild í takmarkaðri auðlind, sem úthlutað er ókeypis. Um þetta snýst málið. Enginn hugleiddi hvað kvótáukningin gæti þýtt fyrir atvinnulíf og atvinnulaust fólk í sjávarplássum, fólk sem nú má ekki bjarga sér. Málið snýst ekki um það hvort sjávarpláss lifir eða deyr. Það er algjört aukatríði.

Umræðan kemur ekki á óvart. Þetta er kvótakerfið, verndað af fulltrúum okkar á hinu háa Alþingi. Kvótakerfið snýst ekki um fólk og velferð þess. Tilgangur þess er allur annar og honum verður ekki breytt fyrr en fólkíð sjálft tekur til sinna ráða.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Hlynur Þór Magnússon skrifar

Vantar Vestfirðinga nokkuð nema sjálfstraust?

Nú um helgina verður Atvinnuvegasýning Vestfjarða haldin í fyrsta sinn í Íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði. Í ljósi þeirra verkfallsátaka, sem nú hafa lamað atvinnulífið í mörgum byggðum Vestfjarða vel á annan mánuð, má með nokkrum rökum segja, að sýningin sé á dálítið óheppilegum tíma. Á hinn bóginn má einnig líta svo á, að þetta sé einmitt rétti tíminn til þess að vekja athygli á þeirri fjölbreytni sem þrátt fyrir allt einkennir vestfirskt atvinnulíf og þá mörgu vaxtarbrodda sem eru að skjóta upp kollinum og dafna um allan fjórðunginn.

Í þeim anda eru einkunnarorð sýningarinnar, *fjölbreytni, atorka, metnaður*. Oft var þörf, en nú er nauðsyn, að sýna Vestfirðingum sjálfum og landsmönnum öllum, að einmitt þessir eiginleikar eru til staðar í ríkum mæli í vestfirsku atvinnulífi, þótt frekar mætti skilja af opinberri umræðu síðustu árin, að hér sé ekkert nema dauði og djöfull, vonleysi og vandræði.

Atorka og metnaður eru vissulega eiginleikar, sem allir vita að Vestfirðingar hafa til



Hlynur Þór Magnússon.

að bera í ríkum mæli. Öldum saman hafa Vestfirðingar haft á sér orð fyrir dugnað, hörku og seiglu. Róttækar þjóðfélagsbreytingar síðustu ára og áratuga hafa vissulega leikið Vestfirðinga grátt með ýmsum hætti og má segja, að nú skorti einna helst sjálfstraustið og trúna á framtíð atvinnulífs og byggðar í fjórðungnum.

Tilgangur Atvinnuvegasýningar Vestfjarða 1997 er ekki síst að efla trúna á framtíðina hér vestra. Markmið hennar er að sýna fram á, að hér eru vissulega ekki öll sund lokuð, heldur þvert á móti margar leiðir opnar inn í blómlega framtíð. Ef Vestfirðingar hafa

enn nægilegt sjálfstraust til að finna hinni gamalkunnu atorku sinni og metnaði útrás á nýjum og spennandi sviðum atvinnulífs, þá er engu að kvíða.

Atvinnuvegasýningin í Íþróttahúsinu á Torfnesi um helgina er reyndar miklu meira en sýning á viðfangsefnum fólks og fyrirtækja á Vestfjörðum. Hún er einnig fjölskylduskemmtun, þar sem boðið er upp á margvíslega afþreyingu, skemmtiatriði og fróðleik, eins og nánar kemur fram í auglýsingum. Það virðist full ástæða til að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til þess að koma á Torfnes á laugardag og sunnudag, eiga þar ljúfa stund og sýna með því jafnframt í verki áhuga sinn á framtíð Vestfjarða.

Fyrir sýningunni stendur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf., sem stofnað var fyrir liðlega hálfu ári. Formaður félagsins er Sigurður Jónsson skipatæknifræðingur, framkvæmdastjóri er Elsa Guðmundsdóttir hagfræðingur en verkefnisstjóri sýningarinnar er Björn Garðarsson.

Hlynur Þór Magnússon.

Nýtt þjónustufyrirtæki á Ísafirði

Býður upp á litlar gröfur

SMÁ-vélaleigan ehf., er nýtt þjónustufyrirtæki sem tekið hefur til starfa á Ísafirði. Fyrirtækið sem er í eigu Rúnars Rafnssonar, býður til leigu gröfu af minni gerðinni, sem er tilvalin þar sem aðstæður eru þröngar, land er erfitt yfirferðar eða viðkvæmt eða aðrar aðstæður sem gera það að verkum að stærri vélar komast ekki að.

Vélin er aðeins 1,5 tonn að þyngd og aðeins um einn meter á breidd. Hún er á gúmmibeltum sem skemma ekki viðkvæman jarðveg og er sérlega auðveld og þægi-



Komatsu grafan er lítil og nett og hentar vel þar sem erfitt er að komast að sem og þar sem gróður er viðkvæmur.

leg í notkun. Vélin er boðin til leigu með eða án stjórnanda og mun eigandi vélaleigunnar sjá um að koma vélinni til og frá

vinnustað gegn vægu gjaldi, eins og segir í frétt frá fyrirtækinu.

Framsóknarmenn funda á Vestfjörðum

Byggðamál á Vestfjörðum í brennidepli

Þinghópur framsóknarmanna skipaði í vetur vinnuhóp til að skoða stöðu byggðamála. Vinnuhópurinn, en hann skipa Gunnlaugur M. Sigmundsson, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson og Valgerður Sverrisdóttir, hefur staðið fyrir fundum um byggðamál á nokkrum stöðum á landinu að

undanförnu. Í tilkynningu frá þingflokksnum segir að þessir fundir hafi verið mjög vel sóttir og að málin hafi verið rædd af hreinskilni. Jafnframt hafi verið ræddar leiðir til að hafa áhrif á þróun byggðamála, en þar séu alvarlegar blíkur á lofti, eins og sjá megi á framreikningi Byggðastofnunar á mann-

fjöldi á landinu.

Næstu fundir þingflokksins verða haldnir á Vestfjörðum, á Ísafirði í gær og á Patreksfirði í kvöld. Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, ásamt fleiri þingmönnum flokksins, mun mæta á þessa fundi sem báðir hefjast kl. 20:30.

Á Eyvinni
Veitingastaður Kaffihús
Mánagata 1 - Sími 456 4306
Fisherhúsi anno 1884

Kráarstemmning

ekta kráarstemmning nk. föstudagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Hljómlist af geisladiskum

Ljúffengir kráarsmáréttir framreiddir frá kl. 19:00

Hljómsveitin Rós

skemmtir í þrumustuði á laugardagskvöld frá kl. 23:00 til kl. 03:00

Bjóðum kvöldmatargestum matseðil með ljúffengum réttum frá kl. 19:00 á laugardagskvöld

Borðapantanir daglega frá kl. 12:00 til kl. 17:00

Húsið opið aðeins fyrir kvöldmatargesti frá kl. 19:00 til kl. 23:00

Mætið tímanlega, því það er ávallt fjölmennt og fjör hjá okkur

Njótið góðs matar og skemmtið ykkur á góðum veitingastað með góðri tónlist

Fyrir 17. júní

Mikið úrval af fallegum barnaefnum á góðu verði



Júní tilboð!

Tilbúnir storisar á 40% afslætti



Nýkomið mikið úrval af sumarefnum í kjóla, buxur, blússur og pils. Komið og skoðið verð og gæði

GARDÍNUBÚÐIN ehf.
Hafnarstræti 8 • Ísafirði • Sími 456 3430



Gunnar Friðriksson frá Aðalvík afhjúpar hér nafn skipsins. Á myndinni eru einnig Magnús Ólafs Hansson, en hann átti sæti í undirbúningsnefnd með komu skipsins og Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði.



Eggert Stefánsson, slysavarnamaður, við minni bátinn sem ber nafn föður hans, sr. Stefáns Eggertssonar fyrrum sóknarprests og prófests á Þingeyri.

Nýtt björgunarskip Slysavarnafélags Íslands á Vestfjörðum

Með tilkomu skipsins verður gjörbylting í öryggi björgunarmanna og sæfarenda

Nýtt og öflugt björgunarskip Slysavarnafélags Íslands fyrir Vestfirði kom til heimahafnar á Ísafirði á föstudag. Með komu skipsins verður gjörbylting í öryggi björgunarmanna og sæfarenda, en í Þýskalandi, þaðan sem skipið er keypt af Þýsku systurfélagi Slysavarnafélagsins, hefur fengist mikil og góð reynsla af rekstri slíkra björgunarskipa. Hafa þau reynst öflug, traust og örugg, en skipið er mjög grunnrist og því hentugt til flutnings björgunarmanna á afskekkt svæði þar sem landleiðin er ófar eða sjóleiðin fljótfærari. Hönnun skipsins gerir því kleift að komast á sjó við mjög erfiðar aðstæður og sjóhæfni þess er mikil, og sem dæmi um það má nefna að skipið réttir sig aftur ef því hvolfir.

Formleg vígsluathöfn skipsins, eða skipanna tveggja því um borð í björgunarskipinu er annar minni björgunarbátur, fór fram við Ísafjarðarhöfn á laugardag að viðstöddu fjölmenni. Stærri skipinu var gefið nafnið Gunnar Friðriksson, sem samfleytt sat í stjórn Slysavarnafélags Íslands um 26 ára skeið, þar af 22 sem formaður. Gunnar er fæddur að Látrum í Aðalvík og ólst þar upp. Hann sýndi þar frumkvæði og sett á fót atvinnurekstur við

erfiðar aðstæður og varð fyrir áföllum en lét þau ekki buga sig. Hann flutti síðan til Reykjavíkur og hóf atvinnurekstur að nýju. Fyrirtæki hans, Vélalalan, er vel kunnugt hér vestra, enda hefur það staðið fyrir smíði og sölu á þrettán togurum fyrir vestfirskar útgerðir auk fjölda báta. Gunnar Friðriksson var viðstaddur athöfnina og afhjúpaði nafn skipsins.

Minna skipið hlaut nafn séra Stefáns Eggertssonar, fyrrum sóknarprests og prófests á Þingeyri. Séra Stefán varð sóknarprestur á Þingeyri 1950 og prófastur í Vestur-Ísafjarðarprófastdæmi 1966. Hann var formaður slysavarnaeildarinnar Varnar frá 1951 til dauðadags. Á sínu sviði var Stefán brautryðjandi, auk slysavarna var hann mikill radíó áhugamaður og hafði áhuga á flugi. Hann var hvatamaður að því að endurvekja björg-

unarsveitina á Þingeyri á nýjan leik og gefa henni nafnið Dýri. Stefán lést árið 1978. Ekkja hans, Guðrún Sigurðardóttir, gat ekki verið viðstödd vígsluathöfnina, en sonur þeirra, Eggert Stefánsson, sem er dugmikill slysavarnamaður, var fulltrúi fjölskyldu sinnar.

Kaup og rekstur björgunarskipa sem þessa er fjárfrekt verkefni þrátt fyrir að, að baki standi förnfústar starf sjálfboðaliða frá björgunarsveitum og slysavarnaeildum Slysavarnafélags Íslands á Vestfjörðum, en kaup og rekstur skipsins er samstarfsverkefni þessara aðila. Til að standa straum af kostnaði mun verða leitað til velunnara Slysavarnafélags Íslands og deilda þess um fjárstuðning til þessa verkefnis og er það von félagsins að þeirri beiðni verði vel tekið.



Pantanasíminn er 456 3367



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547



Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

- Bakkavegur 23:** 133,8m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,9m² bílskúr. Verð kr. 8.900.000,-
- Bakkavegur 25:** 154m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-
- Brautarholt 12:** 161,2m² einbýlishús á einni hæð ásamt 56m² bílskúr. Verð: 11.300.000,-
- Dalbraut 13:** 120,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Fagraholt 12:** 156,7m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipti á

- minni eign á Eyrinni möguleg. Tilboð óskast.
- Hafraholt 14:** 144,4m² raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-
- Heiðarbraut 6:** 133,3m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-
- Hjallavegur 19:** 242m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-
- Hlíðarvegur 26a:** 120m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-
- Hlíðarvegur 38:** 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-



Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-



Hjallavegur 12: 113,9m² 3ja - 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-

- Hlíðarvegur 43:** 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð 10.200.000,-
- Hlíðarvegur 48:** 146,4m² einbýlishús á þremur þöllum, mjög fallegt útsýni. Verð: 7.000.000,-
- Miðtún 31:** 190m² endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.
- Silfurgata 9:** 150m² einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Tilboð óskast.
- Skipagata 11:** 78 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er laust strax. Tilboð óskast.
- Skólavegur 1:** 62,8m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkjallari. Verð: 3.700.000,-
- Stakkanes 4:** 144 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-
- Stakkanes 6:** 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-
- Strandgata 3:** 130,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymslu-skúr. Verð 3.500.000,-
- Tangagata 6a:** 99,7m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-
- Urðarvegur 26:** 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-
- Urðarvegur 58:** 209m² raðhús á þremur þöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 12.500.000,-

4-6 herbergja íbúðir

- Engjavegur 21:** 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
- Engjavegur 31:** 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikilið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.900.000,-
- Fjarðarstræti 14:** 191m² 4ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 6.200.000,-
- Fjarðarstræti 38:** 130m² 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-
- Pólgata 4:** 136m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-
- Seljalandsvegur 20:** 125,2m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-
- Sólgata 5:** 102m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-

- Stórholt 7:** 116m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð. t.h. í fjölbýlishúsi. Verð 7.400.000,-
- Stórholt 11:** 103m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. Verð: 7.800.000,-
- Tangagata 20:** 70m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Engar áhvilandi veðskuldir. Verð: 3.500.000,-
- Túngata 12:** 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikilið uppgerð. Verð: 6.700.000,-
- Túngata 21:** 77,5m² 4ra herbergja risibúð í þríbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-
- Urðarvegur 25 - Hraunprýði:** 155m² 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.
- Seljalandsvegur 67:** 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-
- Stórholt 7:** 74,6 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 4.900.000,-
- Stórholt 9:** 74,6m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-
- Stórholt 11:** 80m² 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
- Stórholt 11:** 80 m² 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-
- Stórholt 11:** 72,6m² 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

3ja herbergja íbúðir

- Aðalstræti 20:** 98m² íbúð á 2. hæð í tvíbýlishúsi ásamt sérgeymslu. Verð: 6.900.000,-
- Fjarðarstræti 13:** 80m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergja í risi og kjallara. Verð 5.700.000,-
- Hlíðarvegur 27:** 76m² íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m² bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppi. Verð:

2ja herbergja íbúðir

- Hlíf II:** 50,4m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-
- Hlíf II:** 50,4 m² íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-
- Sundstræti 24:** 69m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Íbúðin er mikið uppgerð. Verð: 5.200.000,-



Pólgata 6: 55m² risibúð á 3. hæð, suðurenda í fjölbýlishúsi. Mikilið endurnýjuð. Verð: 3.900.000,-

Áherslubreytingar í rekstri Vöruvalsverslananna

— segir Benedikt Kristjánsson, sem ætlar að hætta rekstri kjötvinnslu í Bolungarvík og taka verslunarrekstur í Hnífsdal til endurskoðunar

Starfssamningi starfsmanns verslunarinnar Vöruvals í Hnífsdal hefur verið sagt upp, en Benedikt Kristjánsson, eigandi Vöruvalsþúðanna, sagði í samtali við blaðið að ástæðan væri mikill samdráttur í versluninni þar.

Íbúum hefur fækkað gífurlega


„Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um að loka versluninni í Hnífsdal. Við erum skuldbundin starfsmanninum samkvæmt samningnum og sögðum honum upp til að geta haft frjálsar hendur við endurskipulagningu eða að hætta rekstri ef til þess kemur. Því er ekki að leyna að það hefur orðið verulegur samdráttur í Hnífsdal. Skýringin er fyrst og fremst sú, að íbúum þar hefur fækkað gífurlega, eða um þriðjung eftir því sem mér er sagt. Öll húsin á snjóflóðahættusvæðinu standa tóm en sennilega hafa íbúar þeirra verið á bilinu 40-60. Við þetta bætist að atvinnulíf í Hnífsdal er og hefur verið gjörsamlega lamað vegna verkfallsins. Fólk sem unnið hefur í fyrirtækjunum þar hefur auðvitað átt viðskipti við verslunina og það er alveg ljóst að við þolum ekki þann samdrátt sem orðið hefur vegna verkfallsins. Þess vegna verðum við að grípa til ráðstafana til að bregðast við

þessu ástandi,“ sagði Benedikt. Hann sagðist ekki á þessari stundu vita í hverju þær ráðstafanir yrðu fólgnar, en jafnvel gæti komið til greina að skerða þjónustuna. Eins og staðan væri í dag væri hann þó svartsýnn á að af áframhaldandi rekstri gæti orðið. Hann sagði að hann myndi bregðast jákvætt við aðilum sem sýna yfirtöku á rekstrinum áhuga.

Einnig samdráttur í Bolungarvík

Í verslun Vöruvals í Bolungarvík hefur starfssamningi kjötiðnaðarmanns, sem jafnframt er verslunarstjóri, verið sagt upp ásamt samningi annars starfsmanns, en þessir tveir starfsmenn eru þeir einu sem eru fastráðnir. Benedikt sagði ástæðuna þá sömu og í Hnífsdal, eða samdrátt. Hann hyggst hætta rekstri kjötvinnslu í Bolungarvík og taka upp svokallað „freepack“, eða sölu á kjötvörum í lofttæmdum umbúðum. Hann var spurður um ástæður samdráttarins.

„Verslun Vöruvals á Ísafirði hefur staðið undir kostnaði, en það sama er ekki hægt að segja um verslunina í Bolungarvík. Ég hef verið mjög ósáttur við útkomuna þar, en það var tap á rekstrinum á síðasta ári. Þegar við tókum við rekstrinum á Verslun Einars Guðfinnssonar árið 1993, þá voru íbúar Bol-



Benedikt Kristjánsson, kaupmaður í Vöruvali.

ungarvíkur um 1300. Í dag eru íbúarnir rúmlega 1100 og þar af eru útlendingar nærri 100. Ég er ekki að hnýta neitt í þetta ágæta fólk, en staðreyndin er sú að virðisaukinn sem það er að skilja eftir sig í bæjarfélaginu er sáralíttill. Mér er sagt að þetta fólk fái senda alla nauðsynjavöru frá heimalöndum sínum. Ef það er rétt, þá skil ég ekki hvernig í ósköpunum er hægt að flytja inn til landsins allar þær vörur sem þarf til daglegs lífs. Af öllum vörum sem við flytjum inn erlendis frá, þurfum við að greiða tolla, vörugjöld og virðisaukaskatt. Það segir sig einnig sjálf að 200 manna fækkun í Bolungarvík kemur niður á viðskiptunum.“

Sníða þarf stakk eftir vexti

Benedikt segir að fólk verði að gera það upp við sig hvort það vill hafa þjónustuna við húsdýrn hjá sér, eða hvort það vill fá alla hluti, stóra sem smáa, í póströfu frá Reykjavík. Einnig verði að vera hægt að halda uppi atvinnu ef Vestfirðir eigi að vera byggilegir. Til að svo megi verða megi vinnudeilur ekki dragast svo á langinn sem raun beri vitni um. Verkfallið lami ekki bara fiskvinnsluna, heldur öll þjónustufyrirtæki í fjórðungnum, sem megi ekki við því.

Benedikt segir að talsvert sé um að fólk í verkfalli hringi til að óska eftir reikningsviðskiptum. Hann hafi yfirleitt reynt að bregðast jákvætt við, en ljóst sé að verslunin standi ekki undir lánsviðskiptum og þá sérstaklega ekki ef verkfallið dregst á langinn. Reikningsviðskipti hafi verið viðvarandi, en þeim verður hætt 1. júlí, segir Benedikt.

Að sögn Benedikts hefur rekstur Björnsbúðar staðið undir væntingum hans það sem af er og eins og áður sagði stendur verslunin á Skeiði undir kostnaði. Benedikt hefur þó ekki ráðið í tvær stöður sem losnað hafa þar og hefur að auki sagt upp einum starfsmanni. Fyrirsjáanlegt er því að starfsfólki verslananna hafi fækkað um sex fyrir haustið, þ.e.a.s. ef uppsagnirnar ná fram að ganga.

— En er Benedikt að íhuga að hætta rekstri verslananna?

„Nei, ég er ekki að hætta rekstrinum, en ég verð að vera meðvitaður um hvar ég stend. Ég hef haft mjög gaman af þessu. Við erum að sjá 35 manns fyrir vinnu í þessum verslunum og okkur hefur gengið alveg þokkalega. Maður áttar sig hins vegar á því að sníða þarf stakk eftir vexti. Það er eðlilegt að maður staldri við af og til og hugsí sinn gang og jafnframt að maður sé ávallt mjög vel meðvitaður um nauðsyn þess að stunda innbyrðis

naflaskoðun.“

Neytendasamtökin vinna ekki á faglegan hátt

Benedikt segir að því sé ekki að leyna að stundum sé hann mjög ósáttur við umfjöllun um verkannanir og finnst ótækt hvernig neytendasamtökin standa að þeim. Hann tekur sem dæmi síðustu könnun.

„Þar voru bornar saman litlar landbyggðarverslanir og Bónus í Reykjavík, en svona vinnubrögð eru ekkert annað en aðför að verslun á landsbyggðinni. Í umfjöllun um könnunina hjá fjölmiðlum hérna á staðnum, var samkeppnisaðilum okkar hyglað og hampað og það er alveg ljóst að það hefur áhrif á okkur. Ég hef bent á að niðurstaða verðkönnunarinnar er röng og umfjöllun um hana er Neytendasamtökunum til vansa.“

Ég fer nánast vikulega í Samkaup á Ísafirði til að gera verðkönnun þar. Ég hef borið saman verð á þeim vörum sem fast á báðum stöðunum og hef ekki orðið var við að þar sé vöruverðið lægra en hjá okkur. Vöruúrvalið þar er langtum minna en það sem við bjóðum upp á og þess vegna er eðlilegt að maður spyrji sig að því, hvort við verðtökuna séu verð á þeim vörum sem ekki fast í Samkaup á Ísafirði, tekin í Samkaup í Hafnarfirði eða

Keflavík og þau síðan borin saman við verð í Vöruvali á Ísafirði. Það var gengið frá samkomulagi við Neytendasamtökin um að verðtaka færi samtímis fram í öllum verslunum til að tryggja að samtökin ynnu faglega, en það hafa þau að mínu mati ekki gert.“

Gengur ekki að samkeppnisaðilum sé mismunað

Benedikt segir að það gangi ekki að öðrum aðilanum sé gert hærra undir höfði en hinum í fjölmiðlum hérna á svæðinu og sérstaklega ekki þegar forsendurnar fyrir því eru rangar.

„Þegar stórar fyrirsagnir greina frá því að annar samkeppnisaðilinn hafi haft þau áhrif með tilkomu sinni, að hér sé búsaðlarlegra og byggilegra, þá spyr maður sig auðvitað: hvað er maður að gera hérna? Ég hef lýst því yfir margoft að samkeppni sé af hinu góða, en það gengur ekki að aðilum sé mismunað í fjölmiðlum. Við þurfum líka að hugsa til þess hvaða virðisauki verður eftir í byggðarlögum af þeim fyrirtækjum sem hér eru, sem eiga hér sitt lögheimili og greiða hér skatta og skyldur. Ef við ætlum að búa hér, þá verðum við hlúa að því sem við eigum,“ sagði Benedikt að lokum.

Bolungarvík

Sjómannadagurinn haldinn í blíðviðri

Dagskrá sjómanna-dagsins í Bolungarvík var með hefðbundnu sníði að þessu sinni og fór fram í bíðskaparveðri með tilheyrandi sól og hlýindum. Fjöldi fólks var samankominn við innri höfnina þar sem kappróður, tunnuhlaup, stakkasund og koddaslagur var hápunktur hátíðarhaldanna. Þar gafst fólk einnig kostur á að skoða hið nýja björgunarskip Slysavarnarfélagins, Gunnar Friðriks-son, sem fór um helgina í

fyrsta björgunarleiðangur sinn norður í Aðalvík, þar sem trilla slitnaði upp í hvassviðrinu á laugardag.



Enginn er verri þótt hann vökní.



Ýmsum ráðum var beitt í koddaslagnum og ekki öllum drengilegum.



Ungviðri í Bolungarvík gekk rösklega fram í tunnuhlaupinu þrátt fyrir misjafnan árangur.

BB á fundi með sjávarútvegsráðherra og þingmönnum í Bolungarvík



Þingmenn Vestfjarða, Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson ásamt sjávarútvegsráðherra, Þorsteini Pálssyni.

Auðlindaskattur var talsvert til umræðu á fundi með Þorsteini Pálssyni, sjávarútvegsráðherra og þingmönnum Einari K. Guðfinnssyni og Einari Oddi Kristjánssyni, sem sjálfstæðisfélagin í Bolungarvík stóðu fyrir síðasta fimmtudagskvöld. Fundurinn var fjölsóttur og fjögurur á köflum og greinilegt á aðsókninni að áhuginn á málefnum er mikill hjá Vestfirðingum.



Þorsteinn Pálsson:
„Auðlindaskattur leggst þyngst á landsbyggðina“

Þorsteinn Pálsson hóf umræðurnar og sagði m.a. í ræðu sinni að sambærilegum kaupmætti og gerist í nágrennalöndunum yrði ekki náð nema sjávarútvegurinn fengi að vaxa og styrkjast. Þorsteinn spurði síðan: „Eigum við, samkvæmt einhverjum sjónarmiðum sem talsmenn auðlindaskatts hafa sett fram, að taka þá áhættu að draga fjármunina út úr sjávarútveginum og setja þá í ríkissjóð, sem við vitum að leiðir ekki til sömu framfara eins og yrði ef atvinnulífið sjálft fær að deila arðinum út?“ Hann sagðist fullviss um að hann hefði t.d. ekki haft tækifæri til að skoða jafn myndarlega nýja fjárfestingu og frystihús Bakka hf. í Bolungarvík, ef fjármunirnir sem í hana fóru hefðu verið teknir í formi veiðifjárskatta og þeir settir í ríkissjóð.

„Um þetta stendur deilan,“ sagði Þorsteinn. „Þetta er ekki bara spurning um fyrirtæki í sjávarútvegi heldur einnig stór spurning um stöðu byggðanna. Þessir skattaglöðu menn hafa verið að tala um að leggja á 16 milljarða fiskiskatt og nota þá til að lækka tekjuskatt. Auðvitað myndi lækkaður tekjuskattur koma öllum almenningi til góða en aðgerðin myndi hafa áhrif á stöðu fyrirtækjanna og byggðanna. Hér á Vestfjörðum myndi slíki skattheimta þýða að 1,1 milljarður króna yrði teknin á hverju ári út úr þessum byggðum og hann settur inn í ríkissjóð. Þetta jafngildir því að hver einstaklingur á Vestfjörðum þyrfti að leggja 120 þúsund krónum meira til ríkissjóðs á hverju ári. Hvergi annars staðar á landinu yrði skattheimtan jafn þungbær vegna þess að hér er sjávarútvegur stærra hlutfall af atvinnulífi en annars staðar. Þannig að Vestfirðingar myndu leggja mest af mörkum til þess að ná niður skattaframlagi Reykvíkinga til samneyslunnar.“

Sjávarútvegurinn á silfurfati til Evrópusambandsins

Þorsteinn undraðist uppþot það sem varð hjá vinstri mönnum vegna hugmynda um að lífeyrissjóðirnir leggðu fjármuni í íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Þeir hefðu jafnvel hótad að ef þeir kæmst til valda yrði komið í veg fyrir þetta. Hann sagði það einkennilegar skoðanir þegar menn segðu að það væri allt í lagi að leggja peninga í heilðsölur og þjónustufyrirtæki og jafnvel að fjárfesta erlendis, svo fremi að ekki væri fjárfest í sjávarútveginum. Þorsteinn sagði síðan:

„Ef þessi áform nýju jafnaðarmannasamsteypunnar eiga að ná fram að ganga þá þurfa menn ekki að spyrja að leikslokum. Þá verður ekki mikið eftir af sjávarútvegi í landinu. Hann verður

sjálfsgagt færður Evrópusambandinu á silfurdiski þegar þar að kemur.

Frá mínum bæjardryrum séð er það ekki óréttlæti að landsbyggðin fái sömu möguleika til þess að spyrna við í atvinnumálum og þéttbýlið, sem fyrst og fremst byggir á þjónustu. Jafnræðið er fólgið í því að gefa sjávarútvegsfyrirtækjunum og fólkinu sem í þeim vinnur, sömu möguleika og fólk hefur í öðrum atvinnugreinum. Það er þess vegna sem ég vill berjast fyrir þeirri stefnu að sjávarútvegsfyrirtækin fái að dafna.“



Einar K. Guðfinnsson:
„Ég kalla þennan auðlindaskatt, krataskatt“

Einar K. Guðfinnsson lýsti yfir áhyggjum vegna verkfallsins á Vestfjörðum sagði að út úr því myndi enginn koma ósár og ljóst væri að Vestfirðir í heild sinni myndu tapa, hvernig sem niðurstaðan yrði. Hann ræddi síðan veiðistjórnunina, fyrirkomulag hennar og þær deilur sem um hana hafa staðið.

Hann viðurkendi að ágreiningur hefði verið um ýmsa veigamikla þætti veiðistjórnunarinnar milli hans og Einars Odds annars vegar og Þorsteins Pálssonar hins vegar. Þeir hafi hins vegar lagt sig fram um að ræða þessi mál og komast að niðurstöðu. Einar sagði að jafnframt væri mjög margt sem sameinaði þá félagi í umræðunni um sjávarútvegsfél og þá ekki síst afstaða þeirra varðandi auðlindaskatt, sem Einar kallaði „krataskatt“. Hann tók undir sjónarmið sjávarútvegsráðherra um að skatturinn legðist þyngst á landsbyggðina og hvatti Vestfirðinga til andstöðu gegn hugmyndinni.



Einar Oddur Kristjánsson:
„Hafrannsóknarstofnun er ekki alvitur“

Einar Oddur Kristjánsson ræddi um mikilvægi smábátaútgærdar á Vestfjörðum og fagnaði þeirri pólitísku ákvörðun sem var tekin á síðasta ári um hvernig staðið skyldi að útgerð smábáta. Hann sagðist fullviss um að lögin sem sett voru þá hafi verið lífsnauðsynleg fyrir „lífsrými“ smábátaflotans og einrykjann í íslensku útgerð. Hann lagði áherslu á að Vestfirðingar ættu mjög mikið undir því að menn fengju notið atgervis síns og þeir fengju notið þeirra landgæða sem svæðið býður upp á.

Hjá Einari Oddi kom fram að úrelding innan smábátaflotans hefði ekki orðið eins mikil og búist var við og það væru viss vonbrigði. „Ekki endilega það að ég vilji að menn hætti í útgerð, en það yrði óneitanlega lífvænlegra í greininni ef fleiri myndu úrelða,“ sagði Einar Oddur.

Hjá Einari kom fram nokkur gagnrýni á Hafrannsóknarstofnun en hann sagði það mjög alvarlegt ef það væri rétt sem fiskifræð-

ingar segðu, að það gæti alveg eins farið svo að Íslendingar væru fastir í 220 þúsund tonna ársafli. „Það er mjög skammarlegt ef við náum ekki fram betri nýliðun. Það hlýtur að vera miklu stærra atriði hvernig okkur tekst að ná upp nýliðun og þar með heildaraflamagninu, heldur en að standa í rífrildi um hvort trillur fái að fiska fimm eða tíu þúsund tonnnum meira eða minna. Við viljum ekki ofgera fiskimiðunum en við viljum fá tækifæri til þess að leggja orð í belg. Hafrannsóknarstofnun er ekki alvitur og það er nauðsynlegt að þekkingin og reynslan sem til er hringinn í kringum landið, hjá sjómanninum, útgerðarmanninum og í sjávarplássunum, sé höfð að leiðarljósi. Við eigum heimtingu á að hlustað sé á okkur vegna þess að það eiga allir kunnugir að vita af þeim óhemju erfiðleikum sem hafa skapast vegna niðurskurðar á þorskveiðum í þessum byggðum okkar. Við höfum þurft að fórnarlega miklu á tiltölulega fáum árum og miklu meiru en flestir aðrir. Þess vegna þarf að leita allra leiða til að hámarka afrakstur okkar úr þorskstofninum,“ sagði Einar Oddur.



Ólafur Halldórsson:
„Kerfið rekið fyrir hina fáu á kostnað hinna mörgu“

Þegar ráðherra og þingmenn höfðu lokið máli sínu var orðið gefið laust. Það fékk fyrstur Ólafur Halldórsson frá Ísafirði, sem fagnaði yfirlýsingu sjávarútvegsráðherra um að þorskvótaaukningin ætti að skila sér í réttum hlutföllum til þeirra sem orðið höfðu fyrir skerðingu áður.

„Það er þrýðilegt að heyra þetta. Það eru ekki mörg ár síðan það var myndarleg togaraútgærd á hverjum einasta firði og vík allt frá Patreksfirði til Súðavíkur. Þessi yfirlýsing ráðherra hlýtur því að vera mjög ánægjuleg fyrir togaraútgærdarmenn á Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Það að kvótinn skuli koma í réttum hlutföllum til baka hlýtur að gera það að verkum að sú myndarlega togaraútgærd sem á þessum stöðum var, tekur til starfa og færir fólkinu sem á þeim búa björg í bú,“ sagði Ólafur.

Sjávarútvegsráðherra ræddi á fundinum um vanda hefðbundinnar botnfiskvinnslu og hvernig mætti stuðla að framförum í landvinnslunni með vörupróun og aukinni markaðssókn. Ólafur sagði í sambandi við það, að fyrst þyrfti landvinnslan að geta starfað við heilbrigðan grundvöll. Hann dró í efa að fullvinnsla gæti skilað þeim arði sem skilað gæti eigendum eðlilegri ávöxtun og starfsfólki mannsæmandi launum, ef hefðbundin vinnsla gæti ekki starfað á heilbrigðum grunni, en Ólafur fullyrti að svo væri. Ólafur hélt því fram að vanda landvinnslunnar mætti að stærstum hluta rekja til þess hversu sjóvinnslan hefði tekið mikinn hluta af þorski og öðrum bolfiski frá landvinnslunni. Hann óskaði svara við því hvort eitthvað væri gert til að stemma stigi við vaxandi sjóvinnslu. Hann spurði einnig hvort ráðherra hefði látið reikna út verðmæti þeirra aflaheimilda sem Vestfirðir hafa misst frá því að kvótakerfið væri sett á. Ólafur sagðist sjálfur fullviss um að verðmæti aflaheimildanna væri töluvert meira en sá 1,1 milljarður sem Þorsteinn talaði um að leggjast myndi á Vestfirði í formi auðlindaskatts. Að lokum sagði Ólafur:

„Ég ætla að vona að mönnum beri gefa til þess að aðlaga þetta kvótakerfi að því sem þarf, til að um það verði meiri sátt en er í dag. Ég held að það hafi vart farið fram hjá ráðherra eða

öðrum að meirihluta þjóðarinnar finnst þetta kerfi vera rekið fyrir hina fáu á kostnað hinna mörgu.“



Arnar Barðason:
„Það sem
fer upp, kemur
aftur niður“

Arnar Barðason var næstur í pontu og tók upp hans kann fyrir Sighvat Björgvinsson, sem honum fannst verið vegið að, hálfu sjávarútvegsráðherra.

„Mér þótti leiðinlegt þegar Þorsteinn var að höggva að Sighvati Björgvinssyni, að honum fjarstöddum, vegna ummæla Sighvats um að lífeyrissjóðirnir væru að leggja tugi milljóna í fjárfestingu í sjávarútveginum. Ég er sammála Sighvati í þessu og hef aldrei áður verið eins sammála krata. Það er hryllilegt þegar fólk er að sóa annarra manna peningum í vitleysu. Ég segi vitleysu vegna þess að hlutafjárverðmæti sjávarútvegsfyrirtækja eru í undantekningartilfellum byggð á rekstrarforsendum. Þau eru byggð á kvóta sem er eign. Hvað þurfa þessi félög síðan að hagnast mikið til að lífeyrissjóðurinn geti borgað okkur út ellilífeyrinn, okkur sem nú er verið að skikka til að borga í þessa sjóði. Mér finnst það vera ábyrgðarleysi að vera skylda okkur til að borga í sjóði sem henda svo peningunum svona. Einhvern tímann kemur að því að kvótakerfið verður afnumið vegna þess að það sem fer upp, kemur aftur niður,“ sagði Arnar. Hann lagði jafnframt að ráðherra að ganga frá þeim lausa enda sem dagakerfi krókabáta væri, en hann líkti því við tímasprengju sem tifaði hægt og rólega.



**Sveinbjörn
Jónsson:**
„Trillusjómaðurinn
vinnur víst vinnu
sína út frá tölum
Hafró“

Þá var röðin komin að Sveinbirni Jónssyni, trillukarli á Suðureyri, sem rakti í talsvert löngu máli útreikninga sína á rannsóknargögnum Hafrannsóknarstofnunar. Hann lýsti trausti sínu á rannsóknum fiskifræðinga en dróg í efa stærðfræðikunn-áttu þeirra. Að minnsta kosti varð niðurstaðan önnur en niðurstaða fiskifræðinganna, þegar Sveinbjörn setti tölur Hafrannsóknarstofnunar í tölvuna sína.

Kenningar Sveinbjörns eru athyglisverðar og gerði hann nokkuð góða grein fyrir þeim í viðtali sem BB átti við hann í upphafi árs og verður því ekki farið nánar út í þá sálma að þessu sinni. Sveinbjörn færði sjávarútvegsráðherra súluritsmyndir þar sem niðurstöður hans koma fram og bað hann um að hengja þær upp á áberandi stað í ráðuneytinu. Jafnframt bað hann Þorstein um að segja, ef einhver myndi spyrja:

„Þetta er gjöf sem mér var færð vestur á fjörðum af einhverjum trillusjómanni sem telur sig geta reiknað út framleiðslugetu þorskstofna og líkra tegunda, út frá stofnformi einu saman. Hann vinnur víst vinnu sína út frá tölum Hafrannsóknarstofnunar og einhvern veginn fær hann þetta út.“



**Halldór Her-
mannsson:**
„Má grafa yfir þá
með jarðýtu og ég
skal hjálpa til“

Loks var komið að þætti Halldórs Hermannssonar, frá Ísafirði, sem fór vítt og breitt um hin ýmsu svið kvótakerfis og sjávarútvegs mála. Halldór kvaðst sannfærður um að kvótinn væri orðinn eign útgerðarmanna eftir afgreiðslu frumvarpsins um samningsveð og bað menn um að banka upp á hjá sér eftir svona 15 ár ef í ljós kæmi að hann hafi haft rangt fyrir sér. Hann benti jafnframt á afleiðingar afnáms línutvöföldunar og sagði að línuskip hefðu verið að seljast um allar jarðir síðan tvöföldunin var tekin af.

Halldór lét ekki staðar numið og gagnrýndi kvótasetningu steinbíts.

„Það er sagt í lögunum um fiskveiðistjórnunina að ekki skuli settur kvóti á tegundir nema þörf sé á vegna ofveiði eða minnkandi stofnstærðar. Steinbiturinn hefur aldrei verið ofveiddur og veiðin



hefur verið 13-17 þúsund tonn í fjölda ára. Samt sem áður er þetta gert og mönnum eru færðir 2,3 milljarðar til eignar.“

Ýmsir stjórnálamenn fengu pillur frá Halldóri og var Jón Baldvin Hannibalsson einn af þeim:

„Hvað gerðist með hann Jón Baldvin sem hélt 150 fundi um árið og spurði: hver stal Íslandi? hver á Ísland? Svarið er aukaatriði en ég segi; Íslandi var stolið á meðan Jón Baldvin var á þessum 150 fundum. Hann gerði það líka mögulegt með setu í ríkisstjórnunum. Hvað með forsetann okkar hann Ólaf Ragnar? Hann sat yfir þessu á meðan þessu var hleypt í gegn. Nú situr hann og núir hendur á maga sínum í skjóli á Bessastöðum. Hann biður eftir því að fá sendiherraembætti í Washington.“

Ég er ekki vinstri maður, ég var maður þeirra Ólafs Thors og Bjarna Ben. Ég var maður sjálfstæðismanna en ekki bara maður manna sem hugsuðu eingöngu um einkavini sína - að einkavæða fyrir þá sjálfa og hugsu um 8% þjóðarinnar. Bjarni Ben og Ólafur Thors hugsuðu um meira en 8% þjóðarinnar. Ef þessir vinstri menn koma sér ekki saman í einn flokk, þá má grafa yfir þá með jarðýtu og ég skal hjálpa til,“ sagði Halldór Hermannsson meðal annars. Hann ítrekaði þá skoðun sína að útgerðarmenn ættu kvótann og sagði: „Ég vona bara að hann Þorsteinn fari ekki að segja okkur á sjómanna daginn að þjóðin eigi þetta. Guð minn almáttugur - það yrði hræðilegt áfall.“



Vestfirðir

Gönguferðir um Hornstrandir og hjólreiðar

Rúta og reiðhjól er nýjung í ferðaþjónustu á Vestfjörðum sem Vesturferðir standa að í samvinnu við aðra ferðaþjónustuaðila. Ferðamönnum verður boðið að aka og hjóla til skiptis á ákveðnum leiðum sérleyfishafa og mun markmiðið með þessu framtaki vera að Vestfirðir verði kynntir sérstaklega fyrir hjólreiðafólki og því auðveldað að ferðast um fjórðunginn. Skipulagðar verða ákveðnar leiðir og verður hægt að hefja ferð og ljúka á þremur stöðum á Vestfjörðum.

Gönguferðir um Hornstrandir þar sem áhersla verður lögð á sögu og menningu svæðisins, er önnur nýjung í ferðatilboðum Vesturferða. Í ferðunum verður þátttakendum gefið tækifæri til að fræðast um lifnaðarhætti fólksins

sem byggði Hornstrandir og þá sögu sem er að finna á þessum slóðum. Hver ferð tekur sex daga og hefst með göngu um Ísafjörð og þátttöku í Sumarkvöldi í Neðsta-kaupstað. Síðan verður siglt til Aðalvíkur þaðan sem gengið verður í áföngum til Hesteyrar og Grunnvíkur þar sem gíst verður í húsum. Að sögn Sigríðar Kristjánsdóttur, hjá Vesturferðum, er gönguferð um Hornstrandir boðin á kynningarverði, 35 þúsund krónur og er ferð frá Reykjavík innifalinn ásamt fæði, gistingu og leiðsögn. Að sjálfsgöðu stendur Vestfirðingum til boða að fara í ferðir þessar og er þeim bent á að skrifstofa Vesturferða er í Edinborgarhúsinu á Ísaferði

Ísafjörður

200 þátttakendur á landsþingi Lions

Um helgina var landsþing Lions á Íslandi haldið á Ísafirði. 210 fulltrúar mættu til leiks ásamt 105 mökum og voru þeir flestir aðkomnir. Dagskrá þingsins samanstóð af skólum fyrir verðandi embættismenn innan Lions-hreyfingarinnar, þ.e.a.s. fyrir verðandi formenn, gjaldkera og ritara, ásamt þingum fyrir umdæmi A og B, en landinu er skipt í tvö umdæmi. Á laugardaginn fór svokallað fjöllumdæmisþing fram í íþróttahúsinu á Torfnesi, en það er aðalfundur allra Lionsmanna á landinu.

Á föstudagskvöld var sam-eiginlegur 360 manna kvöldverður í íþróttahúsinu og á laugardagskvöld var svo lokahófið haldið með miklum glæsibrag á sama stað, en þar mættu um 390 manns. Að sögn Ásgeirs Sólbergssonar, sem tók þátt í undirbúningnum fyrir hönd Lionsklúbbs Bolungarvíkur, gekk þinghaldið eins og best verður á

kosið. Aðkomnir fulltrúar voru ánægðir með skipulagninguna og sérstaklega með það að hinir margvíslegu þættir þinghaldsins skyldu haldnir á nánast sama svæðinu, þ.e.a.s. í Framhaldsskóla Vestfjarða og í íþróttahúsinu. Ásgeir segir að nánast allt gistirými á svæðinu hafi verið fullnýtt vegna þingsins en Lionsmenn gistu m.a. á Hótel Ísafirði, Framhaldsskóla Vestfjarða, Föndurloftinu, Gistiheimili Áslaugar, Núpi og Alviðru. Hann segir að vel hafi gengið að breyta íþróttahúsinu í „veitingahús“, en m.a. voru smíðaðir barir, svið og dansgólf ásamt því að gangar voru teppa-lagðir. Einnig þurfti að koma upp aðstöðu til uppvaskis og stólum og borðum var safnað saman víðs vegar að. Ásgeir segir að æskilegt væri að íþróttahúsið ætti þann búnað sem þarf til þinghalds sem þessa og það hljóti að verða svo í framtíðinni.



Kristinn Halldórsson og Gísli Skarphéðinsson voru á meðal þeirra sjómanna sem tóku þátt í keppni í netabætingu.



Pétur Þókus sýndi snilli sína m.a. við að losa sig úr spennitreyju í tveggja metra hæð.

Ísafjörður

Velheppnuð hátíðarhöld í tilefni sjómanna dagsins

Sjómenn um land allt héldu upp á hátíðisdag sinn á sunnudag. Í fjölmörgum bæjarfélögum hófust hátíðarhöldin á laugardag þ.á.m. í Bolungarvík og á Ísafirði. Þátttaka var góð í hátíðarhöldunum þrátt fyrir fremur sterkan vind á laugardag, og þóttu þau takast vel í alla staði. Á Ísafirði hófust hátíðarhöldin með því að bæjarbúum var boðið í siglingu með togurum bæjarins um Ísafjarðardjúp og notfærðu margir sér þetta boð. Nýtt björgunarskip var formlega vígt á laugardag og mikil dagskrá fór fram við höfnina. Haldnar voru ræður, Pétur Þókus sýndi töfrabrogð,

sjómenn kepptu í netabætingu og kappróðri og ungmenni sýndu snilli sína í koddaslag og tunnuhlaupi. Á sjálfan sjómanna daginn hófst dagskráin með sjómanna messu í Hnífsdalskapellu og Ísafjarðarkirkju. Við það tækifæri voru tveir sjómenn heiðraðir fyrir störf sín, þeir Benedikt Egilsson og Héðinn Valdimarsson. Síðdegis á sunnudag bauð síðan kvennadeild Slysavarnafélagsins í Hnífsdals til hátíðarkaffis í félagsheimilinu í Hnífsdal. Meðfylgjandi myndir voru teknar við hátíðarhöldin á Ísafirði á laugardag.



Fjölmenni var við vígsluathöfn nýja björgunarskipisins, Gunnars Friðrikssonar, á laugardag.



Fjölmargir bæjarbúar og gestir notfærðu sér boð um siglingu með togurum bæjarins um Ísafjarðardjúp, m.a. barna- og unglíngakór Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem hér tekur lagið um borð í Júlíusi Geirmundssyni.



Þar var einnig þessi móðir með barn sitt, en eins og sjá má veitti barnið umhverfinu litla athygli og vildi einungis fá pelann sinn.



Aðalfundarboð

Aðalfundur BÍSAFELLS hf. verður haldinn á Hótel Ísafirði, fimmtudaginn 12. júní 1997 kl. 16:00.

Dagskrá er samkvæmt samþykktum félagsins eftirfarandi:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf skv. 18. grein samþykpta félagsins.
2. Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum félagsins sbr. 55. grein hlutafélaga.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Stjórnin.

FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA

PÓSTHÓLF 96 - 400 ÍSAFJÖRÐUR

Innritunarfrestur vegna náms nýrra nemenda í dagskóla á væntanlegri haustönn er til 10. júní 1997.

Í boði eru einkum þessar brautir:

- Atvinnulífsbraut
- Fornám
- Almennt bóknám 1. árs
- Grunndeild málmiðna
- Grunndeild rafiðna
- Hagfræði- og tölvubraut (2. ár)
- Matartæknibraut
- Mála- og samfélagsbraut (2. ár)
- Náttúrufræðibraut
- Sjávarútvegsbraut
- Sjúkraliðabraut (2. ár)
- Vélstjórnarbraut

Mjög brýnt er að allir nýir nemendur komi með eða sendi til skólans (á Ísafirði eða útíbúsins á Patreksfirði) útfyllt umsóknareyðublöð ásamt afritum af prófskrírteinum upp úr 10. bekk grunnskóla.

- Nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum skulu láta afrit af námsferli þar fylgja umsókn.

- Síðar verður auglýst eftir nemendum í öldungadeild.

Innritunargjald á haustönn er kr. 3.000,- og verður innheimt síðar með gíróseðli. Sé sótt of seint um skólavist má búast við að greiða þurfi þrefalt venjulegt innritunargjald, þ.e. kr. 9.000,-

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans kl. 9:00 til kl. 16:00.

Skólameistari.

Holtsskóli

Listsköpunarnámskeið

Listsköpunarnámskeið verður haldið í Holtsskóla, Öfundarfirði, um helgina og hefst á föstudaginn kl. 18:00 og stendur til kl. 17:00 á sunnudaginn. Datal Aurand, myndlistarkennari, mun aðstoða nemendur við að finna sköpunargleðina og veita sköpunargáfunni útrás.

Engin þörf er á kunnáttu í myndlist til að geta notið námskeiðisins.

Námskeiðið er á ensku og er verð fyrir þátttöku kr. 13.500. Upplýsingar og skráning er hjá Sigrúnu Ólafsdóttur í síma 564 3379 og hjá Þórunni Gestsdóttur í síma 456 5329.

Framhaldsskólinn

Þakkir til nemenda

Verslunar- og hagfræðibraut Framhaldsskóla Vestfjarða stóð að söfnun fyrir tölvum og tölvubúnaði veturinn 1995 til 1996.

Fyrir peningana sem söfnuðust var keyptur prentari, skanner og nokkur forrit auk

þess sem Framhaldsskóli Vestfjarða gaf deildinni tölvu.

Við þökkum þeim sem styrktu okkur fyrir veittan stuðning.

Guðný Hólmsteinsdóttir, deildarstjóri.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÍBÚAR OG HAGSMUNAAÐILAR Á EYRINNI, ÍSAFIRÐI

Kynningarfundur vegna deiliskipulags verður haldinn þriðjudagskvöldið 10. júní kl. 20:30 í Stjórnsýsluhúsinu 4. hæð.

Nýtt deiliskipulag fyrir gömlu byggðina á Eyrinni á Ísafirði verður kynnt og rætt á fundinum, um er að ræða svæðið að norðanverðu frá Túngötu að hafnarsvæði.

Allir þeir sem hagsmuna eiga að gæta eru hvattir til að koma á fundinn og kynna sér skipulagið.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar.



Atvinna

Óskum að ráða starfsfólk nú þegar í afgreiðslu- og þjónustustörf o.fl. Ekki yngri en 20 ára.

Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri í síma 456 5367 eða á skrifstofu, Mánagötu 1 (2. hæð). Daglega frá kl. 8:00 til kl. 17:00

Atvinna

Vesturferðir ehf. óska eftir starfsmanni í hlutastarf í sumar.

Góðrar tungumálakunnáttu krafist og áhugi á ferðaþjónustu æskilegur.

Upplýsingar veitir Sigríður í síma 456 5111.

„Fram í rauðan dauðann“

Verkfall Alþýðusambands Vestfjarða mun dragast enn á langinn. Atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara síðast liðinn föstudag, hinn 30 maí, lauk þannig að 185 samþykktu en 280 höfnuðu. Tæp 40 prósent greiddu henni atkvæði en tæp 60 prósent þeirra sem afstöðu tóku voru mótfallin. Öllum skynsómum mönnum má vera ljóst að nú hefur hnúturinn sem samningamálin voru komin í heldur herst en hitt. Mikla snilld þarft til þess að leysa hann.

Vinnuveitendur með Einar Jónatansson í Bolungarvík í fararbroddi eru svartsýnir á lausn. Þeir segja með rökum að ekki sé ástæða til þess að búast við því að atvinnulífið á Vestfjörðum beri hærri launakostnað en annars staðar á Íslandi.

Pótt ekki kæmi annað til en breyttar samgöngur á Íslandi, sem gera það að verkum að fiskur er nú fluttur milli landshluta á landi eftir þörfum markaðarins hverju sinni, er ljóst að samkeppni í fiskverkun og fiskveiðum er til staðar. Sú gamla aðferð að til þess skipuð nefnd ákvarði fiskverð er fyrir bí. Vinnuveitendur átta sig á því að miðstýring atvinnulífs með hinum gamla stíl er ekki lengur fyrir hendi. En átta forsvarsmenn ASV sig á breyttum heimi og breyttum forsendum?

Óskynsamleg harka

Svo er ekki ef marka má yfirlýsingar Péturs Sigurðssonar formanns ASV og Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði. Hið síðarnefnda félag hefur alla burði til þess að ráða niðurstöðu atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu jafnt og um kjarasamninga. Pétur leyndi ekki þeirri afstöðu sinni sem launaður forystumaður verkalýðsfélagsins að fella bæri samningana. Hann fullyrta jafnframt að ef miðlunartillagan félli þá gerðist ekkert annað en það, að vinnuveitendur kæmu til ASV í næstu viku, það er að segja þeirri sem nú er hálfnuð, eða þeirri þarnaæstu og vildu semja. Ólíklegt er að hann reynist sannspár. Og þó svo væri hvað býður hann vinnuveitendum nú fyrir hönd umbjóðenda sinna, sem eru hinir lægstlaunuðu að stærstum hluta, sem líklegt er að vinnuveitendur verði svo upprifnir yfir að þeir ákveði að semja? Pétur Sigurðsson er enginn nýgræðingur og hefur oft reynst farsæll í samningum. En nú er eins og heilladísirnir hafi snúið við honum baki að minnsta kosti um sinn.

Vinnuveitendur hafa ekki boðið neitt frekara. Enda er það ólíklegt þegar svo er að reyndur samningamaður eins og Pétur snýr út úr miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Honum yfirsást að nefna eingreiðsluna og taka 12.000 króna greiðsluna í prósentureikninginn þegar hann nefndi að laun hækkuðu aðeins um 0,5% umfram aðra.

Pétur hafa verið bílar mjög hugleiknir í þessari kjarabaráttu. Hann nefndi það að minnsta kosti að launahækkunar samsvöruðu 5 ára gamalli Lóðu hjá vel reknu fiskverkunarfyrtæki á Ísafirði miðað við heilt ár. Samsvaraði það 425 þúsund krónum ef rétt er munað. Fyrtækið var aldrei nefnt en það var nauðsynlegt til að sannreyna málfutninginn. Hverjum heilvita manni má vera ljóst að 12.000 krónum til þeirra einna sem greiddu atkvæði eru tæpar 6 milljónir. Þá eru þeir sem ekki greiddu atkvæði ótaldir.




Í Morgunblaðinu hefur hins vegar mátt lesa mun hærri tölur um laun út úr viðtölum við verkfallsfólk heldur en nemur lægstu launum að sögn verkalýðsforystunnar. Þetta þýðir að í augum alls almennings í landinu er málfutningur verkalýðsins ekki sannfærandi. Það er ekki til framdráttar verkfallsmönnum að fara með rangt mál. Með sama hætti er verkfallsmönnum ekki til framdráttar að aka á fólk eins og gerðist á Sauðárkróki.

Vinnuveitendur samþykktu miðlunartillögu þrátt fyrir að farið væri umfram þau mörk sem þeir hafa viljað setta sig við. Hvað nú tekur við er ekki ljóst. Ríkissáttasemjari telur sínum úrræðum fara fækkandi. Engu að síður munu fara fram einhverjar óformlegar þreifingar. Til hvers þær leiða er óvitað að sinni.

Um hvað snýst kjaradeilan?

Er það ef til vill svo að ekki sé deilt um laun. Sé það svo, að kvótakerfið fari fyrir brjóstið á forystumönnum jafnt og almennum félögum ASV, þá skal það sagt berum orðum. Vestfirðingar voru seinir til að átta sig á tilvist þess. Hitt er einnig ótrúlegt að beita hinum lægst launuðu fyrir pólitíska baráttu er miðar að afnámi kvótakerfis. En ætli Pétur Sigurðsson að halda verkfallinu fram í rauðan dauðann svo vitnað sé til umæla hans í Morgunblaðinu er mál til komið að málfutningurinn verði skýrari. Hinir lægst launuðu lifa ekki af rúmum 12 þúsund krónum á viku til lengdar. Þá mun hann reynast sannspár.

-Stakkur



Verslið þar sem úrvalið er

...Gau, einfaldlega bestur

Vídeó Höllin
- við Norðurveg
456 4853

TOPP 10 MYNDBÖND HJÁ VÍDEÓHÖLLINI

1. The Long Kiss...
2. Courage under Fire
3. Dragonheart
4. Jingle all the Way
5. Chain Reaction
6. Black Sheep
7. Jack
8. The Associate
9. Tin Cup
10. Emma

http: góðar NETINU

<http://www.bikerMart.com/>

Á þessari síðu er allt það sem hugur mótörhólakappans gírmist, nú þegar mótörhólátíminn er genginn í garð hér á Íslandi.

<http://www.dog-play.com/>
Ertu orðinn leiður á hundinum þínum? Þá eru herna fjölmörg góð ráð fyrir þig og hundinn.

<http://www.geysir.com>
Þeir eru orðnir margir vefirir um Ísland og ferðapjónustuna. Á þessum vef er hægt að finna allt um Ísland, stjórnsýslu, efnahag, íbúafjölda og margt fleira.

SPÓLAN TÆKINU



Fear

Fear er taugastrekkjandi spennumynd með þeim Mark Wahlberg, Rease Witherspoon og Alyssa Milano í aðalhlutverkum, sem fjallar um ástir og örlög tveggja elskenda.



Horfur á fimmtudag: Hæg breytileg eða norðlæg átt og víða bjart veður. Hiti á bilinu 5 til 15 stig.

Horfur á föstudag: Norðlæg átt með björtu veðri þó sist norðanlands. Hiti á bilinu 5 til 15 stig, hlýjast sunnanlands.

Horfur á laugardag: Búast má við hægri breytilegri eða norðlægrri átt og víða björtu veðri, þó sist norðanlands. Hiti á bilinu 5 til 15 stig, hlýjast sunnanlands.

Á sunnudag lítur út fyrir vestlæga átt með vætu við vesturströndina.

Isuzu Trooper árgærd '82 til sölu. Mjög falletur bíll, nýskoðaður '98. Verð aðeins kr. 290 þús. Stendur fyrir utan Fjarðarstræti 38. Upplýsingar í síma 456 5308

Til sölutelpnareihjól fyrir ca. 7-10 ára. Vel með farið. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4048

Til sölu lítið notað 2ja ára **Flymo bensín-orf**, 32cc m/ kúplingu. Verð kr. 10 þúsund. Upplýsingar í hs. 456 3467 og vs. 4563110. Lydía.

Einbýlishúsið að Brautarholti 12 er til sölu. Upplýsingar í síma 456 3627

Óska eftir **dagmömmu** eftir hádegi frá 1. sept. Upplýsingar í síma 456 4174, Helga.

Til sölu **Suzuki TS-50** árgærd 1993. Einnig Canon 240 litaprentari og Boomerang golfsett - fullt sett (fullorðinssett) Upplýsingar í síma 456 3421

Óska eftir að **passa** hálfa eða allan daginn, er á 14 ári og get byrjað strax. Upplýsingar í síma 456 4441, Brynja.

Óska eftir **barnastól** á

reiðhjól. Upplýsingar í síma 456 4186

Leiguskipti óskast á 210m² raðhúsi á Ísafirði og á raðhúsi, einbýlishúsi eða sérhæð á reykjavíkursvæðinu. Upplýsingar í síma 456 3942 eða 894 5959

Til sölu **Samick kassabassi**. Upplýsingar í síma 456 7062

Upplýsingar veitir Gunnar Veturliðason í síma 456 3648, eftir kl. 19.

Til sölu **Hyundai 486 tölva**, lítið notað. Upplýsingar í síma 456 5367

Til sölu **Volvo 245**, árgærd '83, nýskoðaður. Upplýsingar í síma 456 7621 eða 842 0521, eftir kl. 19.

KAUP & SALA ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu **barnakerra með skerm og svuntu**. Upplýsingar í síma 456 3863

Hæ! Ég er 14 ára stelpa og mig **langar til að passa** börn í sumar hálfa eða allan daginn. Upplýsingar í síma 456 3833, Katrín.

Til sölu eða leigu 3-5 herbergja íbúð að Fjarðarstræti 13, efri hæð. Söluverð 5,7 milljónir, þar af 2,9 milljónir áhvílandi í gömlum húsnæðisstjórnarlánnum. Íbúðin hefur verið talsvert endurnýjuð, m.a. ný eldhúsinnetting ofl. Stærstu svalir í bænum. Brunabótamat 8,5 milljónir.

Bláu **krakkareihjól** var stolið fyrir utan Eyrargötu 6, s.l. miðvikudag. Finnandi vinsamlegast láti vita í síma 456 4247

Til sölu vel með farinn **Skoda Felecia '95**, ekinn 17 þús. km. Upplýsingar í síma 456 8195 eða 456 4559, eftir kl 19.

Grunnvíkingar! Aðalfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 10. júní í Kiwanishúsinu Skeiði, kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál, kaffi í fundarhléi. Stjórnin.

Ég heiti Djurdja Hrkalovic og er 14 ára. Mig **langar til að**

passa börn á aldrinum 1-3 ára. Upplýsingar í síma 456 5327

Ég heiti Jelena Schally og er 12 ára. Mig **langar til að passa börn** á aldrinum 1-3 ára. Upplýsingar í síma 456 5320

Til sölu lítið notað 24", 18 gíra **Moongooze fjallahjól**. Upplýsingar í síma 456 7357

Til sölu er 486, 66mhztölva **án skjás**. Upplýsingar í síma 456 3068

Til sölu **Ballerup stofuskápur og hrærivél**. Upplýsingar í síma 456 3368

Þar með tvö börn **óskar eftir íbúð til leigu** á Eyri. Á sama stað er til sölu nýleg Rainbow ryksuga. Góður staðgreiðsluafsláttur. Upplýsingar í síma 456 5446

Til sölu **Mitsubishi L-300**, árgærd 1981. Upplýsingar í síma 456 7869

Til **leigu** eða **sölu** á Suður-eyri, einbýlishús með bílskúr. Leiga kr. 23.000 á mánuði. Verð kr. 2.600.000,- Mjög hagstæð lán. Upplýsingar í síma 566 8018 og 897 0961, Elín eða Magnús.



UM HELGINA



Stuðboltarnir Reggie on Ice

skemmta í fyrsta
sinn á Ísafirði

Geggað stuð allsstaðar sem þeir skemmta

Föstudags- og laugardagskvöld til kl. 03:00


ÍSAFJARÐARBÍÓ

Fierce Creatures

Fimmtudag og
föstudag kl. 21:00



Liar Liar



Sunnudag kl. 15:00, 17:00,
19:00, 21:00 og 23:15
Mánudag, þriðjudag og
miðvikudag kl. 21:00

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Til sölu

**lítil og falleg 3ja herbergja
íbúð á Eyrinni. Verð: 3.900.000,-**

**Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu**

HÓTEL
Ísafjörður
SÍMI 456 4111

Atvinna

Starfsmaður óskast til sumarafleysinga
í gestamóttöku, tungumálakunnátta
nauðsynleg. Vaktavinna.

Upplýsingar veitir Áslaug.



RAUÐI KROSS ÍSLANDS
ÍSAFJARÐARDEILD

Barnfóstru- námskeið

Námskeið fyrir barnfóstrur (krakka í
vist) verður haldið dagana 9. til 12. júní
nk. kl. 18:00 til 21:00 í Rauða kross
húsinu, Árnagötu 2, Ísafirði. Kennslu-
stundir eru alls 16. Kennslu annast
fóstra og hjúkrunarfræðingur.

Námskeiðinu er ætlað að auka færni
og öryggi ungmenna í þössun smábarna.

Lágmarksaldur á námskeiðinu er 11
ár og hámarksfjöldi á námskeiðinu 20
manns. Námskeiðsgjald kr. 2.500,-

Skrásetning er í síma 456 4228 eftir
kl. 19:00 fram að námskeiðinu.

Ef þáttaka er næg, verður námskeiðið
endurtekið.

Golfmót í Tungudal

Gunnar sigraði

Fyrsta golfmótið á vegum
Golfklúbbs Ísafjarðar í sum-
ar, var haldið á golfvelli
í Tungudal á sunnudag. Þar
var um að ræða Esso-Birkir
mótið, þar sem leiknar voru
18 holar með punkta fyrir-
komulagi.

Sigurvegari í mótinu var
Gunnar Sigurðsson með 38
punkta, þá kom Tryggvi
Guðmundsson með 34 punkta
og Óli Reynir Ingimarsson
með 33 punkta. Holuverðlaun
mótsins hlaut Ingi Magn-

fredsson, fyrir að fara 1,64
m frá holu.

Sunnudaginn 8. júní fer
fram Bjöggu og Lassa mótið
í golfi þar sem leiknar verða
18 holar. Mótið fer fram á
golfvelli Bolvíkinga. Laug-
ardaginn 14. júní fer síðan
fram afmælismót Ernis á
golfvelli í Tungudal. Þar
verða einnig leiknar 18 hol-
ur. Sömu helgi fer fram
sparisjóðsmót Golfklúbbsins
Glámu á Þingeyri.

Ísafjörður

Söngvar um voríð

Kór eldri borgara á Ísafirði
mun syngja nokkur af sínum
uppáhaldslögum í Ísafjarð-
arkirkju á föstudagskvöldið
kemur, kl. 20:30.

Á tónleikunum flytja eldri
borgarar söngva um voríð,

sumarið og sólina undir
stjörn Ágústu Þóroldsdóttur
við undirleik Margrétar
Gunnarsdóttur. Allir bæjar-
búar eru hjartanlega vel-
komnir á tónleikana.

Ísafjörður

„Við slaghörpuna“

Þriðju áskriftartónleikar
Tónlistarfélag Ísafjarðar,
sem vera áttu í frímúrarsal-
num á laugardaginn var,
en fresta varð af óviðráðan-
legum orsökum, verða haldn-
ir á sama stað fimmtudaginn
5. júní kl. 20:30.

Á tónleikunum flytja þau
Ingvaldur Ýr Jónsdóttir,
sópransöngkona og Jónas

Ingimundarson, píanóleik-
ari, íslensk og erlend sönglög
á sinn sérstaka hátt. Tónleik-
arnir eru haldnir undir heit-
inu „Við slaghörpuna“ enda
mun Jónas kynna efnis-
skrána jafnóðum frá slag-
hörpunni, og áheyrendur
munu ekki fá hana í prentuðu
formi fyrr en að tónleikunum
loknum.

Ísafjörður

Bifreið stolið

Fólksbifreið var stolið þar
sem hún stóð fyrir utan
heimili eiganda hennar í
Holtahverfi á Ísafirði á föstu-
dagskvöld. Bifreiðin fannst á
sunnudag bak við bifreiða-
verkstæði á Ísafirði en þá
hafði verið auglýst eftir henni
í útvarpi.

Bifreiðin var óskemmd.
Að sögn lögreglunnar á
Ísafirði, munu bíllyklar hafa
verið skildir eftir í bifreiðinni
auk þess sem hún var ólæst,
og átti þjófurinn því auðvelt
um vik við verknað sinn.

Hefur þú séð þennan kertastjaka?

Kertastjakinn á myndinni,
sem er þriggja arma úr brassi
(fyrir fjögur kerti) og u.þ.b.
50 cm á hæð, hvarf frá Hótel
Ísafirði í febrúar s.l. Þó ekki
sé verðgildið mikið er hér
um gamlan ættargrip að ræða
sem skiptir eigandann miklu
máli að finnst. Þeir sem telja
sig vita hvar hann er niður-
kominn nú, eru vinsamlegast



bednir um að hringja og láta
blaðamann BB vita í síma
456 4560. Góð fundarlaun
eru í boði.



Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Sala á eignum Fáfnis

Gagntilboð eigenda rennur út í dag

Á föstudaginn gerðu Fiskveiðasjóður og Landsbanki Íslands Þeim Katli Helgasyni og Eyþóri Haraldssyni, sem gert hafa tilboð í eignir Fáfnis á Þingeyri, skriflegt gagntilboð og rennur frestur til að svara því út í dag.

Ketill Helgason er framkvæmdastjóri Bolfisks hf., í Bolungarvík en Eyþór Haraldsson er framkvæmdastjóri

og aðaleigandi fiskisöluþyr-tækisins Norfisk hf. í Reykjavík sem séð hefur um sölu á afurðum fyrir Bolfisk. Bolfiskur hefur, eins og fram hefur komið, sérhæft sig í vinnslu svokallaðs rússafisks og munu áætlanir þeirra Ketils og Eyþórs gera ráð fyrir sambærilegri vinnslu á Þingeyri.

Byggðastofnun veitir styrki til atvinnuþróunar

Þrjátíu vestfirskir aðilar fengu úthlutun

Byggðastofnun hefur úthlutað 134 styrkjum til atvinnuþróunar á landsbyggðinni að fjárhæð samtals rúmlega 68 milljónir króna. Alls bárust yfir 300 umsóknir og þar af um 65 umsóknir frá Vestfjörðum. Að sögn Guðmundar Malmquist

forstjóra Byggðastofnunar, fengu 30 vestfirskir aðilar styrki samtals að upphæð 11,4 milljónir króna, frá 200 þúsund krónum upp í 700 þúsund krónur og eru aðilar tengdir ferðapjónustu þar í meirihluta. Hann vildi ekki gefa upp

tæmandi lista yfir styrkþega og sagði að þær upplýsingar myndu koma fram í ársskýrslu stofnunarinnar. BB fannst heldur langt að bíða þess og minnti á ný lög um upplýsingaskyldu. Guðmundur sagði þá að það ætti eftir að sam-

þykkja fundargerðina þar sem styrkveitingarnar koma fram en það yrði gert 11. júní n.k. Þá skyldi hann láta blaðinu í té nánari upplýsingar ef það óskaði eftir því og það mun blaðið gera.

Nýtt björgunarskip

Fór í fyrstu ferðina að Látrum

Hið nýja björgunarskip Slysavarnafélags Íslands, Gunnar Friðriksson, sem vígt var á laugardag, var kallað út í sína fyrstu björgun kl. 22:20 á laugardagskvöld. Það var þá kallað til aðstoðar litlum bát, sem losnað hafði af færum við Látra í Aðalvík og rekið upp í fjöru.

Gunnar Friðriksson var kominn að Látrum um miðnættið og gengu björgunarstórf vel að sögn Magnúsar Ólafs Hanssonar hjá Slysavarnafélagi Íslands. „Skipið fór í sína fyrstu ferð á æskuheimili Gunnars Friðrikssonar og var það vel við hæfi á þessum degi. Björgunin gekk vel og var báturinn dreginn að legu út af Sæbóli,” sagði Magnús. Mjög



Gunnar Friðriksson.

hvasst var á þessum slóðum á laugardagskvöld og fór vindhraðinn í 12 vindstig í mestu hviðunum.



Sungjið á sjónum

Sjómenn um land allt héldu hátíðisdag sinn með pompi og prakt á sunnudag. Í nokkrum bæjarfélögum hófst hátíðin á laugardag, þar á meðal á Ísafirði, en á þeim degi var landkröbbunum boðið í siglingu með togurum bæjarins um Ísafjardardjúp. Fjöldi manns þáði boð um siglingu þrátt fyrir fremur sterkan vind og þeirra á meðal voru félagar úr barna- og unglíngakór Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem hér sjást taka lagið um borð í togaranum Júlíusi Geirmundssyni. Sjá nánar frétt og myndi á bls. 8.

Tillögur Hafrannsóknarstofnunar fyrir næsta fiskveiðiár

Þorskkvótinn verði 218 þúsund tonn

Í nýjum tillögum Hafrannsóknarstofnunar er lagt til að þorskkvóti fyrir næsta fiskveiðiár verði aukinn um 32 þúsund tonn, eða úr 186 þúsund tonnum í 218 þúsund tonn og verður það í fyrsta sinn síðan árið 1993 sem þorskaflinn fer yfir 200 þúsund tonn. Til sam- anburðar þá var þorskaflinn Íslendinga á milli 300-400 þúsund tonn á ári á tímabilinu 1985-1991. Þorsteinn Pálsson, sjávarútvegsráðherra, hefur lýst yfir að hann muni fara eftir tillögum fiskifræðinga en

segir jafnframt að ekki megi reikna með jafnmikilli aukningu þorskaflaheimilda á næstu árum. Hann segir mikilvægt að reglan um að taka aðeins 25% af stofni verði haldin en hún hafi leitt til þess árangurs sem nú þegar hafi náðst.

Í tillögum Hafrannsóknarstofnunar er lagt til að ýskvóti verði 40 þúsund tonn, en það er 5 þúsund tonna skerðing miðað við yfirstandandi fiskveiðiár. Ufsakvótinn er skorinn verulega niður eða úr 50 þúsund tonnum í 30 þúsund tonn og

grálúðukvótinn fer úr 15 þúsund tonnum í 10 þúsund tonn miðað við tillögur stofnunarinnar. Steinbítiskvóti verður eins og á þessu fiskveiðiári, eða 13 þúsund tonn og sama gildir um karfakvótann sem verður óbreyttur, 65 þúsund tonn.

Upphafskvóti rækju er skertur um 450 tonn, úr 7.600 tonnum í 7.150 tonn, en úthafskvótinn er aukinn um 10 þúsund tonn miðað við leyfilegan afla yfirstandandi árs, úr 60 þúsund tonnum í 70 þúsund

tonn. Stofnunin leggur til að upphafskvóti loðnu á næsta ári verði 850 þúsund tonn sem er 250 þúsund tonnum minna en á yfirstandandi ári.

Eggert Jónsson, útgerðarstjóri hjá Básafelli hf, sagði í samtali við blaðið, að kvót- aukning þorsks hefði verið svipuð og hann átti von á. Hann segir að þorskkvóti fyrirtækisins, miðað við tillögur Hafró, aukist um 600 tonn á næsta fiskveiðiári sem þýði að þá hafi Básafell yfir að ráða tæplega 4000 tonnum af þorski. Að

sama skapi eykst rækjukvótinn um 600 tonn, úr 3.420 tonnum í rúmlega 4000 tonn. Eggert segir að skerðing ufsakvóta komi ekki á óvart því ufsi hafi ekki fundist síðustu ár. Hvað grálúðuna varðar þá hafi gengið vel að ná henni, kvótanum náð og rúmlega það, en talsvert hafi þurft að hafa fyrir því.

Grálúðukvótinn er skertur um 5000 tonn í tillögum Hafrannsóknarstofnunar, en sjávarútvegsráðherra hefur lýst yfir áhyggjum vegna grálúðustofnsins og telur að horft geti

til hruns hans náist ekki samkomulag um stjórnun veiðanna. Grálúðustofninn er sameiginlegur með Færeyingum og Grænlandingum og hefur Evrópusambandið keypt kvóta í stórum stíl af þeim síðar nefndu og telur sjávarútvegsráðherra að sambandið sé ábyrgt fyrir ofveiði úr stofninum. Hafró gerir nú tillögu um 10 þúsund tonna grálúðukvóta, en til sam- anburðar má geta þess að Dag- rún ÍS-9 veiddi í maímánuði einum fyrir um 15 árum síðan, tæplega 1000 tonn af grálúðu.